

42

8. sept.

L Ö G

um

breyting á l. nr. 50 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

2. málsgrein 3. greinar hljóði svo:

Samskonar ívilnanir má veita samkynja iðnaðarfyrtækjum, er stofnuð
hafa verið eftir 1. janúar 1927, þannig að ívilnunin nemi sama hlutfalli, miðað
við ársframleiðsluna, og ívilnunin nemur fyrir eldri samkynja fyrtækum.

Gefið á Sorgenfrihöll, 8. september 1931.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.